

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 20. mars 2012 í máli

nr. S-221/2011:

### Ákærvaldið

*(Kolbrún Benediktsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

gegn

X

*(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 17. október 2011, á hendur X;

„fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júní 2011, á þáverandi heimili sínu að [Z], haft samræði og önnur kynferðismök við [A] og við það notfært sér að [A] gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu [A], kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 1.200.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 26. júní 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá, en til vara að hún verði lækkuð verulega.

Skipaður verjandi ákærða krefst hæfilegra málsvarnarlauna.

## I.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum, skýrslum ákærða og vitna við meðferð málsins, tókust kynni með ákærða, X, og A haustið 2008 og varð þeim vel til vana, en þau voru þá bæði í atvinnutengdu námi [...]. Þau luku hluta námsins á árinu 2009, en þá um haustið eignaðist [A] dóttur sína, en hún var þá í sambúð með barnsföður sínum, líkt og þegar atvik máls þessa gerðust þann 26. júní 2011.

Samkvæmt nefndum gögnum fór A frá heimili sínu [...] laugardaginn 25. júní 2011, ásamt vini sínum og nágranna, vitninu B, og lá leið þeirra m.a. til [...], en þar höfðu þau ákveðið að taka þátt í hátíð samstarfsfélaga síðdegis og þá um kvöldið. Á [...] bættist í hópinn vinkona A, vitnið C, en einnig X, ákærði í máli þessu. Liggur fyrir að áður en hátíðin hófst ók ákærði A og vinum hennar í áfengisverslun og virðist þá fyrst hafa komið til tals að þau færu öll á heimili hans og að þau gistu þar um nóttina, þar sem annað heimilisfólk, þ. á m. foreldrar hans, væri ekki á heimilinu. Á nefndri hátíð, sem var haldin í útjaðri bæjarins, var nokkur fjöldi gesta, en þar á meðal voru starfsfélagar ákærða og A, en einnig aðrir gestir svo og foreldrar A. Hófst hátíðin síðdegis með fordrykk, en að loknum hátíðarkvöldverði þá um kvöldið og samsæti ákváðu A og nefndir vinir hennar, þ. á m. ákærði, að halda skemmtan sinni áfram í miðbænum. Héldu þau þar áfram áfengisneyslu, en þá um nóttina fóru þau öll með leigubifreið að heimili ákærða, en þar héldu þau áfram skemmtan sinni í heitum potti, á veröndinni. Verður ráðið að komið hafi verið fram undir morgun þegar A afréð að fara úr pottinum með þeirri ætlan að ganga til náða. Samkvæmt skýrslum lagði A leið sína inn á baðherbergi heimilisins og fór þar í sturtu. Er óumdeilt að ákærði fylgdi A eftir og fór með henni inn í sturtuna. Samkvæmt skýrslum voru vitnin C og B eftir þetta ein í heita pottinum í 15-20 mínútur eða allt þar til ákærði fór til þeirra og sagði þeim að nóg væri komið og benti þeim í framhaldi af því á svefnherbergi í suðurenda íbúðarhússins, gegnt fyrrnefndri verönd. Samkvæmt gögnum hélt A, eftir viðskipti sín við ákærða í sturtunni, í suðurenda hússins, en áhöld eru um hvort ákærði hefði strax fylgt henni þangað, en óumdeilt er að hann tilkynnti B og C um það leyti, eins og áður sagði, að tími væri til kominn að þau gengju til náða. Er þannig ágreiningur með ákærða og A um hvort hún hefði fyrst haldið til í því herbergi, sem sneri að veröndinni, og þá hvort þau hefðu átt þar í samskiptum, áður en ákærði ræddi við C og B á veröndinni. Ágreiningslaust er hins vegar að A hafðist að lokum við í litlu herbergi, sem samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu er gegnt því herbergi sem snýr að veröndinni, að hún læsti þar að sér, en jafnframt að hún aflæsti eftir að ákærði knúði harkalega á hurðina og að hann fór þá þangað inn til hennar, en hafði með sér dýnu.

Fyrir liggur að A fór úr húsakynnum ákærða að morgni sunnudagsins 26. júní í skyndingu og að hún hringdi kl. 07:37 í neyðarlínu og bað um aðstoð lögreglu með þeim orðum að henni hefði verið nauðgað.

2. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu og öðrum gögnum hittu lögreglukonurnar D og E A þar sem hún var stödd á leikvelli við Y, sem er skammt frá fyrrnefndu heimili

ákærða. Í lögregluskýrslunni er því m.a. lýst að A hafi verið í uppnámi og grátandi, að hún hafi verið klædd í dökkrauða íþróttatreyju að ofan og í bláan bol sem hún notaði sem pils, en hún var skólaus. Segir í skýrslunni að A hafi í viðræðum við lögreglukonurnar skýrt frá því að hún væri í fötum sem hún ætti ekki, og að hún hefði gripið til þeirra þegar hún flúði af ætluðum brotavettvangi. Um frásögn A segir í skýrslunni að hún hafi greint frá því að hún hefði verið í hófi í heimahúsi ásamt fleira fólki, þ. á m. vini sínum, að hún hafi verið ölvuð og lagst til svefnis í herbergi, en vaknað við það að nefndur vinur hennar hefði verið að „eiga eitthvað við hana“. Hún hefði reiðst og hent vininum út úr herberginu, læst að sér og sofnað aftur. Hún hefði síðan vaknað við mikil læti og áttað sig á að nefndur vinur var að hamast á hurðinni. Hún hefði hleypt honum inn, en síðan sofnað á ný. Hún hefði síðan vaknað upp á nýjan leik, en þá hefði vinurinn verið að hafa við hana samfarir, svefn drukka. Hún hefði brugðist við með því að hrinda honum af sér og þá strax sakað hann um nauðgun. Vinurinn hefði í fyrstu orðið miður sín, en síðan neitað kæruefninu. Hún hefði þá reiðst og í bræði sinni tekið sér skæri í hönd með þeirri ætlan að klippa af honum typpið, en náð áttum og í framhaldi af því rokið út úr húsinu og hringt á neyðarlínuna eftir aðstoð.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu vildi A að svo stöddu ekki greina frekar frá atvikum máls, þ. á m. ekki frá ætluðum brotavettvangi eða nafni brotamanns. Segir í skýrslunni að vegna þessa hefði A verið gerð grein fyrir alvarleika málsins og að áriðandi væri að hún veitti frekari upplýsingar eins fljótt og auðið væri. Þá hafi A að fyrirlagi lögreglu látið í té öndunarpróf, en samkvæmt skýrslunni var niðurstaða þess 0,65%. Í framhaldi af þessu hefði A verið ekið á neyðarmóttöku sjúkrahússins [...], en þar hefði hún m.a. hitt að máli rannsóknarlögreglumann, sem hefði veitt henni frekari leiðbeiningar um framhald málsins, þ. á m. um kærufjerli.

3. Í fyrirliggjandi réttarlæknisfræðilegum gögnum frá neyðarmóttöku sjúkrahússins [...], sem skráð eru af F, hjúkrunarfræðingi, og G, fæðinga- og kvensjúkdómalækni, er skráð frásögn A um atvik máls og hið ætlaða brot að morgni 26. júní 2011. Er þess getið í þessum gögnum að A hafi verið án nærbuxna, en íklædd svonefndri samfellu. Að öðru leyti hafi hún verið íklædd þeim fatnaði sem áður var lýst. Segir í nefndum gögnum að A hafi við skoðun, kl. 08:45, lýst vaxandi eymslum í hægri þumli og er skráð að það sé talið vera afleiðing þess að hann hafi krækst í og þvingast út á við. Þá segir að við frekari skoðun, kl. 18:45, hafi verið 1 sm marblettur yfir hægri mjaðmarspaða. Skráð er að A hafi greint frá því að höfð hafi verið við hana kynmök, m.a. um leggöng, og segir að við kvenskoðun, kl. 11:00, hafi verið vægur roði umhverfis leggangaop og væg eymsli. Tekið er fram að A hafi verið með sveppasýkingu, en skráð er að hún hafi haft orð á því að hún hefði ekki haft samfarir við unnusta sinn í um viku. Tekið er fram að við læknisskoðun hafi A verið mjög þreytt og timbruð, en að auki hafi hún fengið grátköst fyrst þegar hún kom á sjúkrahúsið. Um andlegt ástand A segir í þessum gögnum að hún hafi verið í losti, fjarræn, í óraunveruleikaástandi, yfirveguð, haft skýra frásögn eftir því sem minni hennar leyfði, að hún hafi verið óttaslegin og í hnipri. Um kreppuviðbrögð segir að hún hafi verið með skjálfta og hroll, hjartslátt, svima, ógleði, magaverki og með óþol fyrir snertingu.

Tekið var blóðsýni úr A kl. 11:00. Samkvæmt alkóhólrannsókn reyndist alkóhólmagn í blóðsýninu samkvæmt vottorði rannsóknastofu í lyfjafraeði 0,20%.

Tekið er fram að vegna búsetu A hefðu nefndir sérfræðingar sjúkrahússins haft samband við neyðarmóttöku [...] vegna eftirfylgni.

#### 4. Samkvæmt rannsóknargögnum tilkynnti A fyrrnefndum

rannsóknarlögreglumanni þann 30. júní 2011 þá ákvörðun sína að leggja fram kæru á hendur þeim sem braut gegn henni umræddan morgun. Var henni þá enn leiðbeint um framgang málsins og kærufarlið. Í framhaldi af því gaf A í viðurvist tilnefnds löglærðs réttargæslumanns skýrslu hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Við skýrslutökuna gaf hún í fyrsta skipti upplýsingar um ætlaðan geranda og vitni á ætluðum brotavettvangi, að Z. Þann sama dag tók lögreglan í [...] vitnaskýrslu af B, en lögreglan [...] tók vitnaskýrslu af C 5. júlí sama ár. Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 7. júlí sama ár, en hann óskaði ekki eftir tilnefningu verjanda.

5. A gaf fyrrnefnda skýrslu hjá lögreglu 1. júlí 2011. Við skýrslutökuna lýsti hún málsatvikum með líkum hætti og hér að framan hefur verið rakið, þ. á m. um tilefni ferðar hennar til [...] laugardaginn 25. júní 2011. Enn fremur lýsti hún samskiptum sínum við fyrrnefnda vini, vitnin B og C, en einnig ákærða. Hún áréttaði að hún hefði fyrst haft kynni af ákærða haustið 2008 og bar að þau hefðu verið ágætir vinir, en ekkert meira verið á milli þeirra, þrátt fyrir að ákærði hefði oft verið að stíga í vænginn við hana, en hún ekkert gert með það. A lýsti atvikum nánar þannig að hún hefði eftir nefnda hátíðarsamkomu laugardagskvöldið 25. júní farið með nefndu vinafólki og ákærða á veitingastaði í miðbænum. Þau hefðu verið þar fram eftir nóttu, en þar hefði hún drukkið áfengi helst til óhóflega, m.a. vín og bjór og svokölluð áfengisskot. Síðar um nóttina hefði hún ásamt nefndum vinum farið heim til ákærða, en þar hefðu þau m.a. öll farið í heitan pott og haldið áfram skemmtan sinni.

Nánar aðspurð hjá lögreglu kvaðst A á fyrrnefndri hátíð og aðfaranótt 26. júní hafa drukkið töluvert magn áfengis. Hún kvaðst hafa hafið áfengisneyslu síðdegis laugardaginn 25. júní með fordrykk, en síðan á nefndri hátíð þá um kvöldið m.a. drukkið heila rauðvínsflösku og e.t.v. tvo til þrjá bjóra. Í miðbænum kvaðst hún hafa fengið sér áfengisskot og einhverja bjóra, en að lokum neytt áfengra drykkja í heita pottinum við heimili ákærða.

Við skýrslutökuna hjá lögreglu staðhæfði A að í heita pottinum hefði ákærði gerst svolítið ágengur gagnvart henni og farið svolítið yfir strikið. Nánar lýsti hún því þannig að ákærði hefði m.a. haft orð á því í viðurvist fyrrnefndra vina að hann hefði alltaf langað mikið til að sofa hjá henni.

A greindi frá því að þegar leið á nóttina hefði hún áttað sig á því að hún var orðin alltof drukkin og af þeim sökum afráðið að fara úr pottinum og í sturtu, en í framhaldi af því hafi það verið ætlan hennar að ganga til hvílu. Hún sagði að ákærði hefði komið á eftir henni inn í sturtuna og bar að þar hefði hún e.t.v. þýðst hann að einhverju marki en síðan stoppað hann af og sagt honum það með skýrum hætti. Nánar aðspurð um háttsemina í sturtunni sagði A að hún og ákærði hefðu þar kysst eitthvað en þau hefði bæði verið þar nakin. Eftir nefnt samneyti við ákærða í

sturtunni kvaðst hún hafi farið inn í herbergi en ákærði þá fylgt henni eftir, en samskiptum þeirra lýsti hún nánar þannig: „Og ég segi bara ... nei þú getur sofði inni í einhverju öðru herbergi, ég ætla að fá að sofa ein og hann er ekkert að taka það eitthvað sérstaklega mikið í mál og þarna er ég bara ... varla að ég þú veist standa í lappirnar. Ég er bara orðin mjög þreytt og mjög drukkin. Þannig að ég hendi mér inn í eitthvað, eitthvað rúm og hann fer fram að ná í eitthvað á meðan þá nýti ég tækifærið og læsi að mér. Læsi hurðinni því mér fannst bara ... ég veit ekki af hverju, ég var bara orðin of drukkin og bara ekki að fara að gera neitt með honum og hann var bara of ágengur.“ Nánar aðspurð um það herbergið sem hún svaf í kvaðst hún helst minnst þess að hafa séð þar mynd af ákærða en einnig af kærustunni hans, en hún kvaðst hafa þekkt hana fyrir.

Í skýrslu sinni hjá lögreglu bar A að áður en hún fór að sofa í herberginu hefði hún veitt því eftirtekt að félagar hennar, vitnin B og C, voru ennþá í pottinum. Nánar lýsti hún atvikum þannig að hún hefði sofnað í herberginu en síðan vaknað upp við mikil læti: „Það var bara verið að sparka, sparka upp hurðinni í herberginu sem ég er í ... ég vissi ekkert alveg hvað var í gangi. Ég heyrði bara að það var bara verið að sparka upp hurðina og ég heyrði eitthvað svona, hann segir eitthvað svona, helvítis tíkin þú átt bara að sofa út á stétt eða og þú veist þetta snýst ekki bara um að ríða eða eitthvað svona, þú veist ég fattaði ekki samhengið. Ég heyrði vini mína segja eitthvað, nei nú ertu genginn of langt ... ég stend upp og opna hurðina ... bara aftur í rúmið og bara er out aftur.“ Nánar aðspurð kvaðst A ekki geta sagt til um hvað tímanum leið eftir þetta, en hún hefði farið að skynja það í gegnum svefninn að eitthvað væri í gangi og þá þannig að verið var að snúa henni og koma við líkama hennar; „ég var bara ... þreytt eða dauð eða hvað sem fólk vill kalla það“. Hún áréttaði að ákærði hefði á nefndri stundu verið að snúa henni til og koma við líkama hennar, en að hún hefði varla áttað sig á hvað var að gerast. Hún hefði síðan vaknað við það að ákærði var að snerta allan líkama hennar með höndum og munni, en að auki hafi hann m.a. reynt að setja typpið í munninn á henni. Hún hafi síðan alveg vaknað við það að hann var kominn á hana og var búinn að setja liminn inn í leggöng hennar og var að hamast á fullu þannig að höfuð hennar skelltist í vegginn; „það er bara mikill hamagangur þá ... höfuðið á mér var að skellast í vegginn ... og þá allt í einu var bara eins og rynni af mér á bara ... ég barði hann af mér og öskraði á hann“. Var það ætlan hennar að vegna þessara viðbragða sinna hefði hún fengið áverka á hægri þumalinn. Við nefndar aðstæður kvaðst hún og alveg hafa tryllst og m.a. gripið skæri sem voru þarna á vettvangi og hótad ákærða að hún myndi klippa af honum typpið ef hann kæmi nálægt henni. Í framhaldi af þessu kvaðst hún hafa gripið einhvern bol, en hún hefði verið íklædd hlýrasamfellu sem hafi verið smellt undir og hefði hún áttað sig á því að ákærði hefði aldrei fært hana úr þeim fatnaði heldur aðeins fært hann til hliðar. Vegna þessa kvaðst hún hafa gripið bol á gólfinu og klætt sig í hann líkt og pils. Einnig kvaðst hún hafa tekið peysu sem hún átti þarna á vettvangi, en í henni hefði verið sími hennar og hefði hún þannig klædd rokið út úr húsinu. Hún kvaðst hafa hótad ákærða að ef hann elti sig myndi hún koma því til leiðar að hann myndi ekki geta stundað þá atvinnu sína sem hann hefði menntað sig til. Skömmu síðar kvaðst hún hafa hringt til lögreglu en að athuguðu máli og vegna fyrrnefndrar vináttu við ákærða og gífurlegra hagsmuna hans afráðið að skýra lögreglu þá strax ekki frá athæfi hans. Hún kvaðst hins vegar hafa samþykkt að fara með lögreglu á neyðarmóttöku á sjúkrahúsinu [...]. Hún kvaðst og hafa sent sms-skilaboð í síma til C vinkonu sinnar þennan morgun með beiðni um að þegar hún færi úr húsakynnum ákærða tæki hún með sér þau föt sem hún hefði skilið eftir, þ.e. gallabuxur, skó og

nærbuxur. Eftir aðhlyningu á sjúkrahúsinu [...] kvaðst hún hafa farið til vinkonu sinnar sem búsett er í bænum en jafnframt hringt í þáverandi kærasta sinn og barnsföður. Hefði kærastinn komið og verið henni til aðstoðar síðar þennan dag.

Af hálfu brotþola, A, var lögð fram skaðabótakrafa þann 15. ágúst 2011. Var ákærða birt krafan 16. sama mánaðar.

## II.

1. Ákærði lýsti við yfirheyrslu hjá lögreglu 7. júlí 2011 samskiptum sínum við fyrrum skólafélaga sinn, A, og vinafólk hennar, með líkum hætti og hér að framan var rakið, í kafla I.1. Hann greindi þannig frá þátttöku sinni á hátíðarsamkomu síðdegis laugardaginn 25. júní, viðveru á skemmtistöðum þá um nóttina í miðbæ [...] og loks áframhaldandi samveru þeirra í heitum potti við heimili foreldra hans. Ákærði kvaðst hafa verið í sambúð er atvik máls gerðust. Ákærði skýrði frá því að þau hefðu öll farið nakin í pottinn og staðhæfði jafnframt að A hefði þar slegið honum gullhamra og m.a. haft á orði að hann væri vel vaxinn niður. Ákærði sagði að síðar um nóttina hefði hann ásamt A farið úr pottinum, en hann kvaðst hafa fylgt henni eftir inn á baðherbergið á heimilinu og síðan farið með henni í sturtu. Kvað hann þau þar hafa kysst og byrjað að stunda kynlíf, sem hann sagði að hefði staðið í um eina mínútu. Hann kvað A hafa stoppað kynlíf þeirra af með því að segja: „Hvað er að þér, þú átt konu.“ Vegna þessara viðbragða kvaðst hann strax hafa hætt samræðishreyfingum, en A farið úr sturtunni og þurrkað sér, en síðan farið inn í svefnherbergi sem bróðir hans hafði til umráða á heimilinu. Ákærði kvaðst hafa veitt því eftirtekt, er hann fór úr baðherberginu, að vinir A, C og B, voru enn í pottinum. Hann kvaðst hafa farið inn í herbergið til A og án orða byrjað að sleikja á henni kynfærin og staðhæfði að hún hefði þá fengið fullnægingu. Ákærði sagði að eftir þetta hefði hann haft vilja til að halda áfram kynlífinu en A þá stoppað hann af og hann þá snarhætt frekari athöfnum. Ákærði sagði að fyrir þessi samskipti hefði hann átt nokkuð nán samskipti við A. Vísaði ákærði í því sambandi til atviks þegar hann hefði farið með A á heimili hennar og bar að þar hefðu þau kysst, en hætt atlotum með þeim orðum að þau mættu ekki gera slíkt. Hann staðhæfði að eftir um 10 sekúndur hefðu þau byrjað aftur að kyssast. Ákærði staðhæfði að lýst atlot hans með A aðfaranótt 26. júní hefðu ekki verið henni á móti skapi, en um það sagði hann nánar: „... ég var ekkert að upplifa einhvern veginn að ég væri að gera eitthvað gegn hennar vilja, engan veginn“. Eftir lýst atlot í herberginu kvaðst ákærði hafa farið út á veröndina til C og B og tilkynnt að réttast væri fyrir þau að fara upp úr pottinum, en jafnframt sagt að þau mættu sofa í fyrrnefndu herbergi bróður hans. Í framhaldi af þessu hefði hann gengið frá pottinum, en þegar hann hefði komið aftur inn í húsið hefði hann séð að A hafði farið inn í svefnherbergið hans, sem er gagnstætt herbergi bróður hans, en jafnframt veitt því eftirtekt að hún hafði þar læst að sér. Staðhæfði ákærði að vegna þessa hefði hann í raun engan svefnstað haft í húsinu. Hann kvaðst því hafa orðið pirraður og reiður og bankað á herbergishurðina allt þar til A aflæsti og opnaði, en í framhaldi hefði hann náð í dýnu í herbergi systur sinnar og komið henni fyrir á herbergisgólfinu við hliðina á rúminu þar sem A lá. Hann kvaðst hafa lagst fyrir á dýnunni, en hann hefði verið þar án sængur eða kotta.

Við yfirheyrslu lögreglu, sem ákærði vísaði m.a. til fyrir dómi, lýsti ákærði athöfnum sínum og hugrenningum í umræddu herbergi nánar, en þar sagði hann m.a.: „... eftir smástund, svona mínútu á gólfinu, af hverju leggstu ekki bara upp í rúm hjá henni, þetta er nú mitt rúm og svo leggst ég við hliðina á henni ... ég byrjaði á því að skriða upp í og byrja að hvísla einhverjum kynferðislegum orðum í eyrað á henni og hvað ég vilji gera, hún jánkar því ... hún alveg svaraði þegar ég tala við hana, það er ekkert hátt og snjallt sem hún sagði já og eitthvað þú veist, en ég fæ alveg eitthvað svona uhum og þú veist með svona stunu, kynferðishljóði einhverju þannig að ég tek því bara eins og hún sé, þú veist sé bara einhvern veginn hennar ... og svo bara byrjaði ég hérna, byrjaði þetta aftur kynlífíð og svo eftir svona mínútu þá allt í einu snarstendur A upp og alveg sturlast og spyr hvað er að mér og hvort ég viti ekki hvað ég sé búinn að gera og ég skil ekki ennþá þann dag í dag hvað gerðist“. Aðspurður neitaði ákærði því að hann hefði haft vitneskju um að A hefði verið sofandi þegar hann hóf kynlífsathafnir sínar. Hann kvaðst hins vegar hafa haft vitneskju um að A var mjög ölvuð en sagði að svo hefði einnig verið með hann. Nánar aðspurður um kynferðismökin í herberginu og hvort að það hefði verið í þriðja skiptið sem til þeirra hefði komið þeirra í millum umrædda nótt svaraði ákærði: „... ég fékk að fara hálfu leið í annað og fyrsta skiptið áður en hún stoppaði í þetta skiptið, af því að henni, þú veist henni langaði líka að gera þetta en svo var bara spurning hversu sterk samviskan er sko hjá henni, þannig upplifi ég þetta alltaf sko, hef alltaf gert það, alla tíð gert“. Ákærði bar að eftir hin harkalegu viðbrögð A hefði hann án árangurs reynt að róa hana með orðum, en hún þá m.a. tekið fram skæri og hótað því að stinga hann ef hann kæmi nærri henni. Hann hefði enn reynt að róa hana, en hún aftekið skýringar hans með öllu og hlaupið út úr húsinu. Hann hefði fylgt á eftir, en hún þá öskrað til hans að ef hann vildi fá vinnu í þeirri starfsgrein sem hann hafði menntað sig til skyldi hann láta staðar numið. Kvaðst ákærði þá hafa hætt eftirförinni.

Fyrir dómi lýsti ákærði kynnum sínum af A með líkum hætti og hér að framan var rakið, og áréttaði m.a. að þau hefðu þekkt frá hausti 2008. Hann áréttaði einnig að fyrir greint atvik í lok júnímánaðar 2011 hefði hann átt í allnánnum samskiptum við A og nefndi í því sambandi tilvik er þau hefðu í lok árs 2010 í vistarverum foreldra hennar [...] átt í kossafleksi, en sagði að þau hefðu aldrei átt í kynlífs sambandi. Bar ákærði að A hefði ekki viljað ganga lengra þar eð hann ætti unnustu. Ákærði sagði að er atvik máls þessa gerðust, helgina 25.- 26. júní 2011, hefði hann ekki haft vitneskju um að A væri í sambúð með barnsföður sínum. Vísaði ákærði til þess að þau hefðu ýmist verið sundur eða saman. Ákærði kvaðst lítið sem ekkert hafa þekkt til vina A, vitnanna C og B, en haft vitneskju um að A myndi taka þátt í umræddri hátíð síðdegis og að kveldi laugardagsins 25. júní. Ákærði bar að margt manna hefði verið á hátíðinni og kvaðst hann ekki stöðugt hafa verið í samskiptum við A eða vini hennar, en um síðir hefðu mál þróast á þann veg að yngra fólkið, og þ. á m. þau fjögur, hefði farið í miðbæ [...] til áframhaldandi skemmtanahalds. Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis umrætt kvöld og jafnframt haldið drykkjunni áfram þá um nóttina ásamt A og vinum hennar. Ákærði treysti sér ekki til að segja til um hvenær þau fjögur komu á heimili foreldra hans þá um nóttina, en bar að er þangað kom hefðu þau farið í sturtu en síðan farið nakin í útipott þar á suðurveröndinni. Nánar aðspurður ætlaði ákærði að klukkan hefði þá verið á bilinu þrjú til fjögur. Ákærði sagði að þau hefðu öll haldið áfram áfengisdrykkjunni í pottinum, en að auki hefðu þau reykt þar einn vindling af maríhúana. Ákærði bar að upphaflega hefðu A og vinir hennar ætlað að gista annars staðar en afráðið að

þiggja boð hans um gistingu þar á heimilinu. Ákærði kvaðst er líða tók á nóttina hafa orðið nokkuð drukkinn en þó ekki átt í vandræðum með hreyfingar. Ákærði bar að A hefði einnig sýnilega verið drukkinn og vísaði til þess að öll hefðu þau verið búin að drekka áfengi allt kvöldið og nóttina og í raun því öll verið ölvuð. Hann kvaðst ekki minnst þess sérstaklega að A hefði verið völt á fótum.

Ákærði sagði að engar snertingar hefðu átt sér stað milli hans og A í heita pottinum, en hann kvaðst hafa fylgt henni eftir þegar hún fór upp úr og lagði leið sína inn á baðherbergið og í sturtuna. Hann kvað þau þar án orða hafa byrjað að kyssast. Þá kvaðst hann hafa farið aftan að henni og haft við hana samfarir, og bar að hún hefði þá viðhaft samræðishreyfingar á mótí honum. Ákærði bar að eftir u.þ.b. eina til tvær mínútur hefði A stoppað hann af og sagt að hún vildi ekki eiga mök við hann þar eð hann ætti góða konu og að hún vildi því ekki taka þátt í þessu athæfi. Ákærði kvaðst strax hafa hætt samförunum, en A hefði klárað að þvo sér en síðan hefði hún farið fram og inn í herbergið sem bróðir hans hafði til umráða í húsinu. Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa fylgt A eftir inn í herbergið, en þá séð hvar hún lá þar uppi í rúminu og ofan á rúmteppinu. Ætlaði ákærði að hún hefði þá verið íklædd einhverjum fötum, en kvaðst þó ekki muna það í smáatriðum. Ákærði staðhæfði að þarna í herberginu hefði hann bent A á að það væri rómantík í heita pottinum á veröndinni. Hefði A þá reist sig við og þau síðan bæði fylgst með því í gegnum herbergisgluggann hvar vinir A voru að kyssast. Fyrir dómi bar ákærði að í raun hefðu engin sérstök orð farið á milli þeirra í herberginu, en hann kvaðst hins vegar ekki hafa munað eftir því þegar hann gaf skýrslu sína hjá lögreglu að þau hefðu fylgst með lýstu athæfi vina A í pottinum. Ákærði staðhæfði að eftir að þau hefðu fylgst með vinum A hefðu þau látið vel hvort að öðru í herberginu og byrjað að kyssast og strjúka hvort öðru. Hann sagði að hún hefði þó ekki komið við kynfæri hans. Ákærði staðhæfði að hann hefði veitt A munnmök, en síðan farið fram á að hún gerði það sama við hann, en hún hafnað því með sömu orðum og hún hafði áður viðhaft, að hún vildi ekki taka þátt í slíku athæfi. Kvaðst ákærði því hafa hætt frekari kynrænum afskiptum af A. Ákærði áréttaði að er atvik máls gerðust hefði A þekkt til sambýliskonu hans og bar að hann hefði skilið viðbrögð A á þann veg að hún hefði haft vilja til að eiga með honum kynlíf en ekki treyst sér til þess af samviskuástæðum. Ákærði kvaðst eftir nefnd samskipti og viðbrögð hafa haft orð á því að hann ætlaði að reka vinafólk A upp úr pottinum og því farið út úr herberginu. Hann kvaðst hafa gengið að útihurðinni og kallað til C og B og sagt þeim að þau skyldu koma inn og bar að þau hefðu hlýtt því boði. Kvaðst ákærði í framhaldi af þessu hafa farið inn í herbergi systur sinnar og náð í dýnu. Vísaði ákærði til þess að hann hefði haft leyfi föður síns til að hafa næturgesti, en bar að það hefði verið með því skilyrði að aðeins herbergin í syðri hluta hússins yrðu notuð, þ.e. fyrnefnt herbergi bróður hans og hans eigið. Ákærði kvaðst hafa haft í huga að A svæfi á dýninni og staðhæfði að fyrr um nóttina hefði hann verið búinn að segja henni frá því að þau ættu að sofa saman í herbergi hans og að hann myndi ná í dýnu fyrir hana. Ákærði sagði að þegar hann hefði komið að eigin herbergi, sem væri gegnt fyrnefndu herbergi bróður hans, hefði hann komist að því að A hafði fært sig þar yfir, en læst hurðinni. Ákærði kvaðst er þarna var komið sögu einungis hafa verið með handklæði um sig og vísaði til þess að hrein nærföt hefðu verið í herbergi hans. Sagði ákærði að þessar aðstæður hefðu í hans huga verið fátallegar og því hefði hann bankað á hurðina og haldið því áfram þegar A svaraði ekki. Nánar aðspurður bar ákærði að eftir að hann hvarf frá A í herbergi bróður síns hefðu liðið um ein til tvær mínútur þangað til hann kom að herberginu læstu. Hann kvaðst hafa bankað harkalega á hurðina í um tvær mínútur eða allt þar til A opnaði.

Ákærði sagði að A hefði litið til hans þegar hann kom inn í herbergið með dýnuna, en hann kvaðst hafa innt hana um ástæðu þess að hún læsti að sér. Ákærði kvaðst ekki hafa haldið orðræðu sinni áfram þar eð hann hefði ekki séð tilgang í því að vera með þirring þegar þarna var komið sögu. Hann kvaðst hafa lagt dýnuna á gólfið við hliðina á rúminu þar sem A hafði komið sér fyrir, en fljótlega áttað sig á því að aðstæður hans voru ekki þægilegar þar sem hann hefði verið án alls sængurfatnaðar. Ákærði lýsti atvikum nánar þannig að hann hefði legið á dýnunni án orða í um mínútu, en vegna fyrrnefndra aðstæðna tekið ákvörðun um að færa sig upp í rúmið til A. Ákærði bar að A hefði strax fært sig til hliðar en minntist þess ekki hvernig hún var þá klædd. Nánar lýsti hann atvikum þannig: „... það byrjar svona smá koddahjal hjá okkur og ég spyr hana m.a. hvort hún vilji að ég taki sig að aftan, og hún segir já við því og þá byrjum við að kyssast og strjúka hvort öðru og svo höfum við þar samfarir, sem enda með því að hún allt í einu brjálást við mig og þá bara snarhætti ég“. Ítrekað aðspurður staðhæfði ákærði að A hefði tekið fullan þátt í samförunum, og staðhæfði jafnframt að hann hefði verið fullviss um að hún hefði verið samþykk kynlífsathöfnunum. Hún hefði þannig ekki verið hreyfingarlaus eða lömuð á neinn hátt, en hann minntist þess ekki hvort hann hefði klætt hana úr fötum. Ákærði staðhæfði að A hefði verið með kynlífsstunur og bar að hún hefði á einum tímapunkti kropið klovvega yfir honum og snúið baki að andliti hans og viðhaft samfarahreyfingar. Og eftir það hefðu þau skipt um stellingar og hefði hún þá m.a. lagst á magann og hann byrjað að taka hana aftan frá. Ákærði kannaðist ekki við þá frásögn A, að höfuð hennar hefði slegist við rúmgaflinn, en staðhæfði að undir lokin hefði hún legið á bakinu og hann verið að hafa við hana samfarir. Við þessar aðstæður hefði hún skyndilega brjálást og ýtt honum af sér. Ákærði bar að viðbrögð A hefðu komið honum algjörlega á óvart miðað við fyrrnefnd samskipti þeirra, sem hann ætlaði að í heild hefðu staðið yfir í um 2-3 mínútur. Vísaði ákærði þar um m.a. til þess að þau hefðu fyrr um nóttina, í baðherberginu og í herbergi bróður hans, haft nán samskipti, en að þar hefði samviskubitið stöðvað A til frekari athafna. Lýsti ákærði hugrenningum sínum nánar þannig: „...henni virtist langa þetta alveg jafnmikið og ég og þá sá ég ekki ástæðu fyrir því að reyna ekki aftur, ég meina í versta lagi myndi hún bara byrja aftur og segi síðan nei ... ég meina mig langaði bara að stunda kynlíf með henni og henni virtist langa það líka ... þess vegna hvíslaði ég í eyrað á henni hvort að héra hún vildi að ég gerði þetta og hitt, ef hana hefði ekki langað það þá hefði hún bara sagt nei, hún gat sagt já og hún gat sagt nei ... við vorum búin að vera á fylleríu allt kvöldið. Hún var samt ekkert eins og ég segi, hún virtist ekki í vandræðum með að labba milli hurðar og rúmsins og hún gat alveg svarað mér eðlilega þegar ég talaði við hana.“ Ákærði áréttaði að hann hefði í greint sinn ekki talið sig brjóta gegn A á nokkurn hátt. Hann kvaðst þannig aldrei hafa talið að hún hefði sofíð áfengissvefni á meðan á kynlífsathæfinu stóð í herbergi hans. Ákærði kvaðst hins vegar hafa áttað sig á því að hún hefði talið að hann hefði brotið gegn henni þar eð hún hefði undir lokin brjálást svo skyndilega. Bar ákærði að A hefði fyrst sagt að hann væri búinn að eyðileggja allt og að hann ætti konu. Ákærði sagði að hann hefði síðar velt þessum viðbrögðum A fyrir sér en ekki áttað sig á þeim. Hefði hann talið að skýringanna væri helst að leita til þess að hún hefði átt kærasta er atvik gerðust og að hún hefði verið með kynsjúkdóm. Helst hefði hann þó talið að hún hefði hreinlega ekki munað hvernig athæfi þeirra byrjaði í herbergi hans í umrætt sinn. Að öðru leyti staðhæfði ákærði að frásögn A við meðferð málsins og þar á meðal fyrir dómi væri þvættingur.

Ákærði áréttaði að eftir að A var risin úr rekkju hefði hann reynt að hugga hana og komast að því hverju viðbrögð hennar sættu en án árangurs. Hann áréttaði að hún hefði m.a. tekið fram skæri og hótad honum með þeim, en í framhaldi af því hefði hún tekið einhver föt á vettvangi og farið út úr húsinu. Kvaðst hann hafa elt A en hætt því eftir að hún hafði í hótunum um að hann myndi hafa verra af. Ákærði sagði að auk þess hefði A krafist þess að hann þegði yfir því sem þeim hefði farið á milli. Vegna þess kvaðst hann hafa sagt ósatt um brottför A þegar fyrrnefnt vinfólk hennar innti hann eftir fjarveru hennar daginn eftir. Ákærði treysti sér ekki til að segja til um tímasetninguna þegar A hvarf úr húsakynnum hans að öðru leyti en því að þá hefði verið komið fram undir morgun.

Fyrir dómi lýsti A því að kynni hennar og ákærða hefðu hafist haustið 2008. Lýsti hún samskiptum þeirra með líkum hætti og hún hafði gert við skýrslugjöf hjá lögreglu, en sagði jafnframt að ákveðin spenna hefði verið á milli þeirra án þess að meira yrði úr því.

A sagði að fyrrnefnd hátíð á [...] hefði hafist síðdegis þann 25. júní, en hún kvaðst hafa hafið áfengisneyslu um klukkan 17:00 ásamt öðrum gestum, þ. á m. nefndum vinum sínum, C og B. Hún áréttaði að er hátíðinni lauk umrætt kvöld hefði hún haldið áfram gleðskapnum með vinum sínum, m.a. með áfengisdrykkju á vínveitingastöðum bæjarins, en að þá hefði ákærði slegist í hópinn. Um síðir hefði hún, ásamt nefndum vinum, farið í boði ákærða á heimili hans, þar sem þau hefðu drukkið bjór, en að auki reykt einn marihúanavindling í heitum potti þar á veröndinni. Hún bar að í pottinum hefðu þau spjallað drykklanga stund, en staðhæfði jafnframt að þá hefði ákærði talað undir rós og m.a. haft orð á því að hann hefði áhuga á því að þau tvö myndu einhvern tímann ná saman kynferðislega. Hún kvaðst hafa svarað ákærða og jafnframt minnt hann á að hann væri í sambúð með góðri konu og hún vildi ekki spilla þeirra sambandi.

Hún var í lok yfirheyrslu spurð hvort hún hefði sagt í pottinum að ákærði væri „vel vaxinn niður“ og sagði að það hefði hún áreiðanlega gert.

A vísaði til þess að er á leið hefði verið augljóst að áfengisdrykkjan var farin að stíga ákærða til höfuðs, en hún kvaðst og sjálf hafa fundið að áfengisvíma hennar magnaðist, en einnig þreyta. Kvaðst hún um síðir hafa verið að niðurlotum komin, en ástandi sínu lýsti hún nánar þannig: „Ég var það ölvuð að ég varð að velja á milli þess að sofna á bakkanum á pottinum eða fara inn í rúm.“ Vegna þessa ástands kvaðst hún hafa afráðið að fara upp úr pottinum, og í framhaldi af því farið inn á baðherbergið og í sturtu. Hún kvað ákærða hafa fylgt henni eftir og nánar aðspurð minntist hún þess að þau hefðu farið að kyssast í sturtuklefanum með hennar samþykki, en án sérstakra orðaskipta. Þá sagði hún að þarna hefðu örugglega átt sér stað einhverjar aðrar snertingar og atlot þeirra í millum. Ítrekað aðspurð kvaðst A ekki minnst þess að eiginlegar samfarir hefðu hafist með þeim í sturtuklefanum, en sagði: „Ég get hins vegar sagt ... að ég hafi þýðst hann upp að einhverju vissu marki, en það kom að því alltaf að það var stopp, nei, þetta gengur ekki ... ég veit alveg að ég hugsaði það, ég veit ekki alveg hvort það var þá að ég hafi sagt það upphátt, en við vorum náttúrulega bæði í sambandi og mér fannst bara með öllu óviðeigandi ... ég vildi þetta ekki.“ Nánar um samskiptin við ákærða á

baðherberginu sagði A: „Það kæmi mér ekkert á óvart ef við hefðum verið þú veist eitthvað að snertast, munnmök eða eitthvað, en ég get ekki svarað því með vissu.“ Hún kvaðst ekki minnst þess að ákærði hefði sett lim sinn í kynfæri hennar, en sagði að það hefði þá ekki verið við ákærða að sakast, en áréttaði að hún minntist þessa í raun ekki. A bar að eftir að hún fór úr sturtunni hefði hún klætt sig í samfellu, þ.e. nærbol og nærbuxur, sem smellt var saman. Hún sagði að er hún fór frá ákærða í baðherberginu hefðu þau ekki sérstaklega rætt um það í hvaða herbergi hún ætti að sofa það sem eftir lifði næturinnar, en staðhæfði að hún hefði tjáð ákærða það í nefndum samskiptum að hún vildi sofa ein. Fyrir dómi bar A að minni hennar væri harla gloppótt um atvik eftir að hún fór úr baðherberginu og bar að það mætti rekja til þess að hún hefði, þegar þar var komið sögu, verið að niðurlotum komin eftir langvarandi vöku og áfengisdrykkju. Ítrekað aðspurð kvaðst hún minnst þess mjög óljóst að hafa staðið stutta stund við einhverja herbergishurð og átt þar í einhverjum samræðum, en treysti sér ekki til að segja við hvern eða lýsa atvikum frekar. Hún kvaðst hins vegar ekki kannast við að hafa átt í samskiptum við ákærða inni í því herbergi er snéri að fyrrnefndri verönd og í raun ekki minnst þess að hafa átt frekari samskipti við hann og andmælti hún að því leyti andstæðri frásögn ákærða. Aðspurð kvaðst hún þannig alls ekki minnst þess að hafa átt í frekari kynferðislegum samskiptum við ákærða og þá ekki í öðru herbergi en hún læsti. Hún kannaðist heldur ekki við að hafa fylgst með samskiptum C og B í heita pottinum á veröndinni og neitaði því að ákærði hefði í framhaldi af því veitt henni munnmök. Áréttaði hún að slík samskipti þeirra í millum hefðu einungis átt sér stað inni á baðherberginu. Ítrekað aðspurð um þá ráðstöfun að læsa að sér svefnherbergishurðinni áður en hún lagðist til hvílu svarði hún: „Ég man ekki hvað það var og einhverra hluta vegna á þeim tímapunkti þótti mér það heillavænlegast að læsa bara hurðinni, fara bara inn að sofa.“ A staðhæfði og áréttaði að eftir að ákærði hafði brugðið sér frá hefði hún farið inn í umrætt herbergi og læst að sér: „Ég hugsa með mér bara, að það væri heillavænlegast að læsa að mér. ... Það sé nú bara fullmikill ágangur á mig og ég sé bara of drukkin þannig að ég ákveð bara að læsa.“ Hún áréttaði að í hennar huga hefði þetta verið fyrsta herbergið sem hún fór inn í eftir að hún fór úr baðherberginu og kvaðst hún í raun hafa sofnað þar ölvunarsvefni. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir hversu lengi hún hafði sofnið þegar hún hefði vaknað við mikil læti og um það leyti áttað sig á því að verið var að berja á herbergishurðina, en einnig á herbergisvegginn. Atvikum lýsti hún nánar þannig: „... ég heyrði raddirnar þú veist ég heyrði hans rödd (ákærða) og ég heyrði C og B rödd líka. ... Og ég stend upp. ... Ég bara opna hurðina og lagðist aftur niður og ég veit ekki í raun og veru hversu langur tími líður eftir að ég verð fyrst vör við hann (ákærða) inni í herberginu.“ Hún kvaðst ekki hafa áttað sig á því hvort dimmt var í herberginu er þetta gerðist og í raun kvaðst hún ekki hafa séð ákærða þar sem hún hefði vart opnað augun er hún fór fram úr rúminu og opnaði, en hún kvaðst strax þar á eftir hafa lagst aftur upp í rúmið. Hún kannaðist ekki við að hafa tekið þátt í samræðum við ákærða eftir þetta, en þó ráma í að ákærði hefði verið að reyna að ræða við hana og sagði að þá hefði hann setið á rúmstokknum hjá henni. Hún kvaðst ekki minnst þess að hann hefði í orðræðu sinni minnst á samræði og áréttaði að í raun hefði hún alls ekki átt í samræðum við hann. Um atvik máls eftir þetta og um upplifun sína kvaðst hún í raun aðeins hafa slitróttar minningar. Hún staðhæfði að vegna ádurlysts ástands síns hefði hún aldrei getað spornað við kynferðislegu athæfi ákærða, en þrátt fyrir það hefði hún reynt að malda í móinn, en ekki komið upp orði. Hún kvaðst minnst þess að ákærði hefði kysst líkama hennar og jafnframt notað hendur sínar. Hún kvaðst hafa legið á bakinu þegar hann hafði samræði við hana og andmælti því

alfarið að hafa verið ofan á ákærða við nefndar athafnir hans. Hún staðhæfði að hún hefði í raun fyrst komið til sjálfrar sín þegar höfuð hennar lamdist reglubundið í vegginn eða rúmstokkinn, en atvikum lýsti hún nánar þannig: „Það var nú bara svolítið eins og að fá bara adrenalínsprautu beint í hjartað, því að allt í einu þá var bara eins og ... allur höfgi, allt bara svifi af mér og ég, ég brjálást held ég. ... Hrindi honum af mér sem að hérna olli einhverjum áverkum á höndinni.“

Fyrir dómi var framburður ákærða borinn undir A, sem rakinn var hér að framan, og þar á meðal að hún hefði tekið fullan þátt í samförunum. Neitaði hún lýsingum ákærða alfarið og staðhæfði að þar væri um að ræða tilbúning og þvætting af hans hálfu. Hún staðhæfði að samræðið hefði algerlega verið andstætt hennar vilja, og áréttaði að hún hefði ekki getað rönd við reist sökum svefnhöfgi og ölvunarástands. Staðhæfði hún og að ákærði hefði mátt gera sér grein fyrir þessum óvilja hennar, m.a. vegna orða hennar um að hún vildi sofa ein, og vísaði til þess að þau orð hefðu fallið í kjölfar samskipta þeirra á baðherberginu. Þá staðhæfði hún að í raun hefði hún ekki átt í samskiptum við ákærða eða aðra aðila eftir að hún læsti því herbergi sem hún lagðist fyrir í.

A sagði að eftir að hún vaknaði í svefnherbergi ákærða með þeim hætti sem hér að framan var rakið hefði hún hótað ákærða, m.a. með skærum, en þar á eftir hefði hún stokkið út úr húsinu klæðalítill og hringt í lögreglu. Var það ætlan hennar að lögreglan hefði komið á vettvang um 15 mínútum eftir að hún hvarf úr húsakynnum ákærða, en hún kvaðst þá hafa verið algerlega miður sín andlega.

A kvaðst hafa tekið ákvörðun um að kæra athæfi ákærða til lögreglu eftir að hafði ráðfært sig við nána vini. Staðhæfði hún að það ferli hefði reynst henni mjög erfitt. Vegna þessa hefði hún leitað sér aðstoðar sálfræðings og bar fyrir dómi að hún væri enn að glíma við afleiðingar verknaðar ákærða.

Vitnið C, fædd 1987, kvaðst hafa tekið þátt í hátíðarhaldi síðdegis laugardaginn 25. júní 2011 í boði vinkonu sinnar, A. Vitnið bar að um hundrað aðilar hefðu tekið þátt í hátíðinni, en þ. á m. hefðu verið vinir A, þeir B og ákærði, en einnig foreldrar A. Um kvöldið kvað hún ákærða hafa setið til borðs með A og félögum hennar. Hún kvaðst hafa byrjað að neyta áfengis síðdegis þennan dag, líkt og A, og bar að fyrr um daginn hefði ákærði ekið þeim í áfengisverslun. Sagði hún að þá hefði það fyrst komið til tals að þau myndu fara á heimili hans síðar um kvöldið. Hún kvað þetta hafa gengið eftir, en í millitíðinni hefðu þau fjögur farið á veitingastaði í miðbæ [...]. Eftir að heim til ákærða var komið kvaðst hún ásamt A hafa farið úr fötunum inni á baðherberginu, en sagði að í framhaldi af því hefðu þær, líkt og ákærði og B, farið nakin í heitan pott þar á veröndinni. Þar hefðu þau haldið áfram áfengisneyslunni, en jafnframt reykt einn maríhúanavindling. Hún kvaðst hafa fundið til verulegra áfengisáhrifa þegar þarna var komið sögu, en af þeim sökum kvaðst hún ekki minnast allra atvika sem síðar gerðust. Það var ætlan hennar að líkt hefði verið á komið með A, B og ákærða. Hún sagði að vel hefði legið á öllum í pottinum og bar að þar hefðu þau dvalið drykklanga stund. Hún bar að umræður hefðu verið á léttum nótum og minntist þess ekki að ákærði, A eða B hefðu verið með kynferðislegt tal. Hún kvaðst ekki fyllilega gera sér grein fyrir hvenær hún fór upp úr pottinum, en sagði að þá hefði sólin verið komin upp og ætlaði að klukkan hefði því verið um 06:00.

Fyrir dómi kvaðst C ætla að um 30-60 mínútum áður en hún fór úr pottinum hefði A farið upp úr, en einnig ákærði, og kvaðst hún því um stund hafa verið þar einsömul ásamt B. Hún minntist þess ekki að hafa séð umgang á þeim tíma í herberginu sem sneri að veröndinni. Hún sagði að ákærði hefði komið aftur út á veröndina og hefðu hún og B þá farið úr heita pottinum, en ákærði lagt lok yfir. Hún kvaðst hafa fylgt ákærða eftir og bar að hann hefði sýnt þeim hvar þau skyldu sofa og hefðu þau í framhaldi af því farið inn í svefnherbergi. Á þeirri stundu kvaðst hún ekki hafa séð til A.

C kvaðst hafa verið hálfsofandi þegar hún heyrði læti á ganginum fyrir framan svefnherbergið og hafa áttað sig á því að þar var ákærði á ferð og heyrt að hann var að sparka í vegg og banka mjög fast á svefnherbergishurðina gegnt því herbergi sem hún og B höfðust við í. Jafnframt kvaðst hún hafa heyrt hann öskra og þá áttað sig á því að A var sofandi í herberginu þarna á móti. Hún kvað atgang ákærða hafa staðið yfir í nokkrar mínútur, en þá hefði hún líkt og B farið fram á ganginn til að gæta að hverju þetta sætti. Hún kvað ákærða hafa verið mjög áfjáðan í að komast inn í herbergið og það jafnvel þrátt fyrir að hún legði það til að hann legði sig í sófa þar sem A svæfi eftir atvikum ölvunarsvefni og gæti ekki vaknað. Vegna þess kvaðst hún hafa tekið þátt í því að banka á hurðina í þeim tilgangi að ná sambandi við A. Hún sagði að ákærði hefði verið mjög reiður og hefði hann m.a. í atgangi sínum tekið niður myndir af veggjum þannig að þær féllu ekki niður. Þá sagði hún að ákærði hefði haft á orði að A gæti bara sofið úti á stéttinni fyrst hún hagaði sér með þessum hætti. Hún sagði að ákærði hefði gefið þá skýringu á athæfi sínu að hann vildi fá að sofa í eigin herbergi og jafnframt að hann ætlaði að sofa þar á dýnu á gólfinu. Hún áætlaði að um 5-10 mínútur hefðu liðið frá því að atgangur ákærða hófst þar til hurðin á herberginu opnaðist, en þá kvaðst hún hafa séð A léttklædda, en þó ekki í sínum fötum, heldur íklædda einhverjum bol að hún ætlaði. Hún treysti sér ekki til að segja til um hvernig ákærði var klæddur er þetta gerðist. Hún sagði að A hefði verið mjög fámál þegar hún opnaði rifu og haft á orði hvort ekki væri allt í lagi en síðan snúið aftur og gengið að rúminu, en nánar lýsti hún ástandi A þannig: „hún var mjög líklega að vakna ... hún var svona bogin ... eins og hún hafi verið að vakna. Hún var full, mjög full ... En ég veit ekki hvort hún var sofnuð eða jú hún var mjög líklega að vakna. Ég bara veit það ekki.“ Hún kvaðst hafa fylgst með því er A lagðist upp í rúmið, en hún kvað dimmt hafa verið í herberginu. Þá kvaðst hún hafa fylgst með því að ákærði fór inn í herbergið á eftir A, og bar að hann hefði þá haft með sér fyrrnefnda dýnu. Hún kvaðst mjög fljótlega eftir þetta hafa horfið frá og farið aftur inn í fyrrnefnt svefnherbergi ásamt B og ekki orðið vör við frekari atgang.

C kvaðst hafa vaknað daginn eftir, um hádegisbilið, er ákærði hefði komið inn í herbergið og vakið þau B með þeim orðum að þau þyrftu að fara að drífa sig. Hún kvaðst hafa spurt ákærða um A, en bar að hann hefði svarað því til að hún hefði verið farin þegar hann vaknaði og hann hefði enga vitneskju um ferðir hennar. Hún kvað sér hafa fundist þetta einkennilegt þar eð hún hefði séð að skór og nærföt A voru enn í íbúðinni. Síðar um daginn kvaðst hún hafa verið í sms-samskiptum við A og fengið þau svör að allt væri í lagi með hana. Á mánudeginum kvaðst hún hafa rætt við A í síma og þá heyrt frásögn hennar um að ákærði hefði nauðgað henni. Bar hún að A hefði verið í uppnámi og átt erfitt með að skýra frekar frá málsatvikum.

Vitnið B, fæddur 1989, lýsti fyrir dómi atvikum með líkum hætti og hér að framan var rakið, að því er varðaði viðveru á hátíðarsamkomu og á vínveitingastöðum á [...] 25. og 26. júní, en hann kvaðst þá hafa verið í fylgd vinkonu sinnar og nágretta, A, en einnig vina hennar, C og ákærða. Hann kvaðst ekkert hafa þekkt til ákærða, en bar að þá um nóttina hefði hann ásamt nefndum konum farið á heimili hans og ætlaði að þá hefði klukkan verið um 02:30. Hann sagði að nær strax hefðu þau farið í heitan pott sem þar var á veröndinni, en bar að ákærði hefði lagt á það ríka áherslu að áður en farið væri í pottinn yrðu allir að fara í sturtu og enn fremur þegar farið væri upp úr. Hann sagði að þau hefðu farið nakin í pottinn og átt þar góða stund við spjall, skemmtan og áfengisdrykkju. Hann sagði að þannig hefði allt verið á vinsamlegum nótum, en minntist þess að ákærði hefði haft á orði að hann væri svolítið skotinn í A og langaði mikið til að sofa hjá henni. Hann sagði að A hefði svarað ákærða með því að segja að hann skyldi ekki vera með slíkt rugltal. Hann kvaðst hafa vitað að A átti kærasta er atvik þessi gerðust og í raun hafa lítið á þessar samræður sem vinatal án sérstakrar merkingar. Hann bar að þau fjögur hefðu verið undir töluverðum áfengisáhrifum, en án þess að vera ofurölvi. Sagði hann að auk þess að drekka bjór hefðu A, C og ákærði reykt saman einn maríhúanavindling. Hann sagði að komið hafi verið fram undir morgun þegar A hefði haft orð á því að hún ætlaði að fara upp úr pottinum og síðan að sofa. Hann sagði að er þetta gerðist hefði A verið orðin töluvert ölvuð en ekki virst vera dauðadrukkin. Í framhaldi af þessu kvaðst hann hafa veitt því eftirtekt að hún gekk í rólegheitum frá pottinum og inn í íbúðarhúsið. Kvaðst hann hafa talið að hún ætlaði í sturtu en síðan að sofa. Skömmu síðar kvaðst hann hafa fylgst með því er ákærði fór upp úr pottinum. Eftir þetta kvaðst hann hafa verið einn í pottinum með C, í um 15-20 mínútur, og bar að þau hefðu látið þar vel hvort að öðru. Hann kvaðst ekki hafa séð neinn umgang á veröndinni og þá ekki í því herbergi sem snéri að veröndinni þann tíma sem leið þar til þau fóru bæði upp úr og í sturtu. Að því loknu kvað hann þau hafa farið inn í herbergið sem snéri að veröndinni. Nokkru eftir þetta kvaðst hann hafa heyrt skarkala frammi á ganginum og er honum linnti ekki hefði hann gætt að málum og þá séð hvar ákærði var að berja og hamra á herbergishurðina þar á móti, en einnig séð hann berja á vegginn. Bar hann að ákærði hefði verið nakinn við þessa iðju og greinilega mjög reiður. Hann sagði að á þessu hefði gengið í um fimm mínútur, eða allt þar til A hefði opnað rifu á hurðina, en þá hefði hann séð að dimmt var í herberginu. Hann lýsti ástandi A nánar þannig: „... hún var þá alveg steinsofandi ábyggilega, ég sá það alveg greinilega á henni ... hún pírdi augun ... hún var þarna í náttfötum eða í rauninni í bol og nærbuxunum“. Hann kvaðst hafa staldrað stutt við eftir þetta, en farið aftur ásamt C inn í fyrnefnt herbergi, en þar hefðu þau sofnað og ekki orðið vör við frekari umgang þennan morgun. Hann sagði að ákærði hefði vakið þau daginn eftir um hádegisbilið með þeim orðum að foreldrar hans væru væntanlegir og að þau yrðu af þeim sökum að drífa sig út úr húsinu. Hann kvaðst hafa spurt ákærða um A þar eð hún hefði ekki verið í húsinu þrátt fyrir að fötin hennar væru þar enn. Hann sagði að ákærði hefði svarað því til að hann hefði ekki vitneskju um það, en þó nefnt að e.t.v. hefði hún skotist í vistarverur sem faðir hennar hafði til umráða í bænum. Um þetta leyti kvað hann C hafa fengið sms-símboð frá A, með beiðni um að hún tæki föt hennar með sér, en að auki kvaðst hann hafa séð í eigin síma skilaboð frá henni þess efnis að hún færi ekki frá [...] þennan dag eins og upphaflega hafði þó verið ætlan þeirra. Síðar þennan dag kvaðst hann hafa fengið

fregnir af A og þá jafnframt að kærasti hennar væri kominn til bæjarins. Vegna þessa kvaðst hann hafa grunað að ekki væri allt með felldu og hefði hann fengið það staðfest 2-3 dögum síðar, en þá hefði A skýrt honum frá ætluðu athæfi ákærða, en jafnframt farið fram á að hann gæfi skýrslu á lögreglustöð þar sem hann hefði þá verið að flytjast úr landinu.

Lögreglukonurnar D og E staðfestu fyrir dómi efni áðurrakinnar frumskýrslu lögreglu.

Bar D að A hefði verið illa til reika þegar hún hitti hana á leikvelli við Y að morgni sunnudagsins 26. júní. A hefði greinilega verið útgrátin og í miklu uppnámi en einnig lítillaga ölvuð. Hún bar að A hefði verið íklædd rennblautri hettupeysu og í bol sem hún hefði notað sem pils, en hún hefði auk þess verið berfætt. Hún kvaðst hafa skráð niður frásögn A um ætlað kynferðisbrot en í framhaldi af því ekið henni á slysadeild sjúkrahússins [...]. Aðspurð bar hún að frásögn A hefði verið mjög skilmerkileg, en hún hefði m.a. borið að gerandinn hefði verið náinn vinur hennar, en sagt að hún þyrfti að hugleiða það nánar hvort hún myndi leggja fram kæru á hendur honum. Hún kvaðst miðað við aðstæður og áralanga reynslu af málum eins og þessum hafa metið frásögn A mjög trúverðuga. Hafi hún talað við margar stúlkur, sem hafi sakað menn um „...þessháttar athæfi og í raun og veru bara verið að sjá eftir gjörðum næturinnar, ég fékk aldrei á tilfinninguna með þessa stúlku að það væri eitthvað svoliðis í gangi.“

E lýsti atvikum máls í öllum aðalatriðum á sama veg og nefnd samstarfskona. Hún sagði að augljóst hefði verið að A leið mjög illa og að hún var andlega niðurdregin, en þrátt fyrir það hefði frásögn hennar verið skýr og greinargóð. Hún kvaðst hafa fundið áfengislykt af A. Hún hefði verið skólaus, en íklædd peysu og bláum bol, sem hún hefði notað sem pils.

Vitnið G, fæðingar- og kvensjúkdómalæknir á sjúkrahúsinu [...], staðfesti fyrir dómi efni áðurrakinnar læknisvottorða og rannsóknargagna. Hann staðfesti m.a. að eymsli hefðu verið á þumli og taldi líklegt að það hefði verið vegna þess að strekkst hefði þar á vöðvum. Hann sagði að roði hefði verið á kynfærum en bar að slíkt gæti komið til vegna þeirrar sveppasýkingar sem A var með, en einnig gæti slíkt komið vegna núnings við kynmök. Hann sagði að frásögn A hefði verið skýr um það sem hún mundi, en bar að hún hefði að nokkru lýst minnisglöpum um atvik máls. Um andlegt ástand A vísaði hann til þess sem hann hefði skráð, en áréttaði að hún hefði verið í miklu sjokki og liðið mjög illa yfir því sem gerst hafði. Hann sagði að A hefði sagt frá því að hún hefði neytt áfengis þá um nóttina og væri illa sofin. Hann bar að lýst ástand A hefði ekki verið í neinu samræmi við það og sagði: „þetta var miklu meira en það“.

Vitnið F, hjúkrunarfræðingur á [...], staðfesti fyrir dómi efni áðurrakinnar rannsóknargagna frá neyðarmóttöku. Hún kvaðst hafa brugðist við útkalli umræddan morgun og hitt A fyrir á sjúkrastofu þar sem hún hefði legið fyrir. Hún

kvaðst hafa hlýtt á frásögn A og bar að hún hafi verið samkvæm sjálfri sér um þau atriði sem hún mundi eftir. Um andlegt ástand A vísaði hún til áðurrakinna gagna, en áréttaði að A hefði grátið og verið í hnipri og í miklu uppnámi, en jafnframt reynt að harka af sér. Hún kvaðst hafa metið það svo að A hefði ekki verið ölvuð, frekar hefði það verið líkast því að hún hefði verið að þynnast upp og hefði það verið í samræmi við frásögn um áfengisdrykkju þá um nóttina. Hún staðfesti að lokum að A hefði við komu á sjúkrahúsið m.a. verið íklædd samfellu, og bar að hún hefði haldið því fram að þannig hefði hún verið klædd þegar hinn ætlaði verknaður gerðist.

Vitnið H, fædd 1985, kvaðst hafa fengið símhringingu að morgni 26. júní 2011 frá vinkonu sinni, A, en þannig hefði hún fyrst fengið fregnir um það að hún væri stödd á sjúkrahúsinu [...]. Í framhaldi af því kvaðst hún hafa hitt A á sjúkrahúsinu, á milli klukkan 08:00 og 08:30, en erindið hefði m.a. verið að færa henni buxur. Hún kvaðst hafa hitt A þar sem hún lá fyrir á sjúkrastofu og þá strax séð að hún var einungis skugginn af sjálfri sér. A hefði verið andlega niðurbrotin og alls ólík sjálfri sér er hún hafi hitt hana daginn áður og því haft vitneskju um að hún væri að fara á tiltekna hátíð. Hún kvaðst hafa heyrt frásögn A af hinu ætlaða athæfi ákærða, en hún kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af A í greint sinn.

Að tilhlutan ákæruvalds gáfu skýrslu fyrir dómi L, en báðar eru þær búsettar [...] og eru annars vegar vinkona og hins vegar mágkona brotþola, A. Báðar kváðust þær hafa hlýtt á frásögn A um ætlaða nauðgun ákærða. Þær staðhæfðu að A hefði verið ólík sjálfri sér og miður sín andlega vegna ætlaðs verknaðar, en ekki þykir þörf á að rekja framburð þeirra frekar.

Vitnið I rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa hitt A á sjúkrahúsinu [...] að morgni sunnudagsins 26. júní. Hann sagði að á þeirri stundu hefði hún ekki viljað gefa lögreglu upplýsingar um ætlaðan geranda eða frekari upplýsingar um málavexti. Vegna þessa kvaðst hann hafa gefið A leiðbeiningar um hvert hún gæti snúið sér ef hún vildi leggja fram kæru og bar að þann vilja hefði hún sýnt í símtali þann 30. júní. Hafi henni þá verið leiðbeint enn frekar og þ. á m. um að gefa skýrslu hjá [...]. Hann kvaðst í framhaldi af því hafa tekið vitnaskýrslur en einnig skýrslu af ákærða með hefðbundnum hætti, en hún hefði verið tekin upp með hljóði og mynd, eftir að ákærða hefði verið kynnt réttarstaða, en hann hefði ekki óskað eftir tilnefningu verjanda. Nánar um efni skýrslunnar vísaði lögreglumaðurinn m.a. til disklingis lögreglu sem fylgir málskjölum ákæruvalds.

Að ósk embættis ríkissaksóknara ritaði dr. M sálfræðingur vottorð þar sem lýst er mati á þeim afleiðingum sem ætlað brot hefur haft fyrir A, en einnig um álit á meðferð hennar þegar til framtíðar væri litið. Vottorðið, sem dagsett er 21. nóvember 2011, var lagt fram í dómi þann 5. desember sl. Segir þar í upphafsorðum, að við gerð þess hafi verið stuðst við móttökuskýrslu

neyðarmóttöku sjúkrahússins [...], niðurstöðu greiningarmats, niðurstöðu sjálfsmatskvarða og nótur sem sálfræðingurinn ritaði á meðan á viðtölunum stóð. Að auki var samkvæmt vottorðinu stuðst við nótur J, hjúkrunarfræðings og verkefnastjóra á neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis [...], vegna komu A þangað 12. og 19. júlí 2011. Í samantektarkafli vottorðsins er vísað til þessara gagna. Þá er þess getið að sálfræðingurinn hafi hitt A sex sinnum á tímabilinu frá 18. ágúst til 14. nóvember 2011 og segir að á því tímabili hafi endurtekið greiningarmat farið fram á afleiðingum ætlaðs kynferðisbrots, en einnig segir að henni hafi verið veittur sálrænn stuðningur og hugræn atferlismeðferð. Í vottorðinu segir nánar um greind atriði:

„Allt viðmót A bendir til þess að hún hafi upplifað mikla ógn, ofsaotta og bjargarleysi þegar meint kynferðisbrot átti sér stað. Niðurstöður greiningarmats sýna að A þjáist af áfallastreituröskun í kjölfar meints kynferðisbrots. Þykir ljóst að atburðurinn hefur haft víðtæk og langvarandi áhrif á hana. Þau sálrænu einkenni sem A upplifir í kjölfar áfallsins samsvara einkennum sem eru vel þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og stórslys, líkamsárás, nauðgun eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða samsvara vel frásögnum hennar í viðtölum. Hún virðist ávallt hreinskilin, trúverðug og samkvæm sjálfri sér.

Eins og fram hefur komið er meðferðarvinna með A yfirstandandi. A hefur brugðist vel við þeirri meðferðarvinnu sem hefur verið veitt, en hins vegar hefur hún upplifað verulegt bakslag síðastliðnar vikur tengt dómsmáli um meint kynferðisbrot. Slíkt bakslag er nokkuð algengt hjá þolendum ef þeir þurfa að takast á við áfallatengdar kveikjur, eins og t.d. að hitta meintan geranda og að rifja upp atburðinn í dómsal. Því er talið mikilvægt að A vinni áfram að því að styrkja eigið bjargráð við úrvinnslu áfalls. Gert er ráð fyrir að A haldi áfram meðferðarvinnunni en ekki er hægt að segja með vissu hve langan tíma meðferð tekur eða hvort bati náist.“

Dr. M staðfesti efni sálfræðimatsins fyrir dómi og bar að í samtölum sínum við A hefðu engin önnur alvarleg áföll komið fram í lífi hennar sem skýrt gætu fyrrnefnd einkenni áfallastreituröskunar. Hún sagði að ástand A hefði á tímabili verið þannig að hún hefði þurft á svefnlyfjum að halda. Sagði hún að svefntruflanir gætu verið eitt af einkennum áfallastreitu.

Vitnið J, hjúkrunarfræðingur á bráðadeild neyðarmóttöku [...], bar fyrir dómi að A hefði samkvæmt tilvísun frá neyðarmóttöku sjúkrahússins [...] tvívegis komið til eftirmeðferðar, þann 12. og 19. júlí sl. Hún sagði að í viðtölunum hefði greinilega komið fram vanlíðan hjá A og bar að það hefði verið í samræmi við matskvarða sem hún hefði fyllt út um áfallastreitu og kvíða. Hún sagði að í kjölfar þessa hefði A fengið viðeigandi stuðningsviðtöl.

### III.

Ákærða er í máli þessu gefin að sök nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júní 2011 á þáverandi heimili sínu haft samræði og önnur

kynferðismök við A og við það notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61, 2007.

Ákærða og brotþola, A, greinir ekki á um að hann hafði samræði við hana þegar mjög var liðið á nóttu. A staðhæfir að ákærði hafi nauðgað sér og haft við sig samræði og aðra kynferðislega háttsemi, en ákærði hefur borið að athæfi hans hafi verið með samþykki hennar og vilja að öllu leyti.

Ákærði og A þekktust vel er þau hittust síðdegis laugardaginn 25. júní í hátíðarsamkvæmi, en A var þar m.a. í fylgd vina sinna, vitnanna C og B. Óumdeilt er að þau fjögur hófu neyslu áfengis í samkvæminu og héldu um miðnættið í miðbæ [...]. Þar héldu þau áfram skemmtan sinni, m.a. með neyslu áfengra drykkja. Verður helst ráðið að á milli kl. 02:30 og 03:00 hafi A og nefndir vinir hennar farið í boði ákærða á heimili hans, en þar héldu þau gleðskapnum áfram, m.a. með því að fara saman nakin í heitan pott þar á veröndinni. Héldu þau þar áfram neyslu áfengis, en einnig liggur fyrir að ákærði, A og C reyktu saman einn maríhuanavindling.

Óumdeilt er að A hafði ekki frekar en nefndir vinir hennar, vitnin C og B, áður komið í húsakynni ákærða. Verður ráðið að þeim hafi ekki alveg verið ljóst hvar ákærði hafði ætlað þeim svefnstað á heimilinu.

Samkvæmt framburði ákærða og nefndra vitna lét ákærði tiltekin orð falla þegar þau voru í heita pottinum, sem að mati dómsins gefa vísbendingar um að hann hafi haft kynferðislegan áhuga á A. Þá verður af framburði þeirra ráðið að mjög hafi verið farið að líða að degi þegar A fór upp úr pottinum með þeim orðum að hún vildi draga sig í hlé og ganga til náða.

Fyrir dómi lýsti A ástandi sínu er hún fór úr pottinum á þann veg, að hún hefði verið mjög ölvuð og þreytt. Þá staðhæfði hún að fikniefnaneyslan hefði ekki bætt þar úr skák. Að virtum framburði ákærða en einnig vitnanna B og C verður ráðið að svipað hafi verið komið fyrir þeim þegar þarna var komið sögu og verður þetta lagt til grundvallar í málinu.

Óumdeilt er að eftir að A fór úr pottinum lagði hún leið sína inn á baðherbergið, þar sem hún fór í sturtu, og að ákærði fylgdi henni þangað eftir og að þar hófust með þeim gagnkvæm atlot. Hefur A ekki véfengt þau orð ákærða að hann hafi við nefndar aðstæður m.a. sett lim sinn í leggöng hennar í stutta stund. Fyrir dómi voru þau sammála um að ákærði hefði hætt samræðishreyfingum sínum um leið og A fór fram á það. A sagði fyrir dómi að er þetta gerðist hefði hún verið mjög þreytt, en afstöðu sína skýrði hún nánar þannig að hún hefði ekki haft vilja til að halda atlotum sínum með ákærða áfram. Sagði hún að þar hefði ekki síst ráðið vitneskja hennar um að ákærði væri í sambúð, líkt og hún sjálf. Hún staðhæfði að þessa afstöðu hefði hún skýrlega tjáð ákærða og jafnframt að hún vildi sofa ein það sem eftir lifði nætur.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði frá athöfnum sínum eftir að A fór frá honum á baðherberginu þannig, að eftir að hann hafði þurrkað sér hefði hann farið í suðurhluta hússins, en þá séð hvar A hafði lagst fyrir í rúmi í herbergi bróður hans. Samkvæmt frásögn ákærða og vettvangsteikningu lögreglu snýr glugginn í þessu

herbergi að áður nefndri verönd. Hefur ákærði borið að hann hafi farið inni í herbergið til A, og að þar hefðu þau m.a. í stutta stund fylgst með vitnunum C og B láta vel hvort að öðru í heita pottinum, en í framhaldi af því og án orða sjálf átt nán kynferðisleg samskipti, þ. á m. munnmök. Þessi frásögn ákærða þykir eftir atvikum hafa nokkra stoð í gögnum málsins, m.a. í frumskýrslu lögreglu þar sem skráð var fyrsta frásögn A um atvik máls. Um nefnd atlot bar ákærði að hann hefði haft frumkvæði að atlotunum í herberginu, en A legið fyrir. Þá sagði hann að A hefði hafnað því að hafa munnmök við hann og hefði hann farið að vilja hennar og hætt frekari afskiptum af henni, að sinni. Fyrir dómi hefur A ekki kannast við greinda frásögn ákærða, en borið að minni hennar væri harla gloppótt um atvik eftir að hún fór frá ákærða í baðherberginu. Kvaðst hún minnst mjög óljóst að hafa staðið stutta stund við herbergishurð og átt þar í einhverjum samræðum, en treysti sér ekki til að segja hver það var og þá ekki til að lýsa atvikum þar frekar. Hún staðhæfði og áréttaði að áður lýst ástand hennar og minnisleysi mætti rekja til þess að hún hefði verið að niðurlotum komin eftir langvarandi vöku og áfengisdrykkju.

Ákærði hefur skýrt frá því að eftir nefnd viðskipti við A í herbergi bróður hans hefði hann farið út á veröndina í þeim tilgangi að tilkynna gestum sínum, B og C, að tími væri til kominn að taka á sig náðir.

A hefur skýrt frá því fyrir dómi að hún myndi það helst að eftir að hún fór frá ákærða í baðherberginu hefði hún farið inn í lítið herbergi, læst þar hurðinni, en síðan lagst til hvílu í rúmi sem þar var fyrir. Hún kvaðst þá hafa verið íklædd nærbuxum og bol sem hneppt voru saman. Hún kvaðst hafa veitt því eftirtekt að í þessu herbergi voru myndir af ákærða og sambýliskonu hans.

Samkvæmt frásögn vitnanna B og C fyrir dómi höfðust þau við í heita pottinum eftir að A og ákærði hurfu inn í húsið og var það ætlan þeirra að um 15-20 mínútur hefðu liðið þar til ákærði kom aftur út á veröndina og tilkynnti þeim að réttast væri fyrir þau að koma upp úr og taka á sig náðir. Samkvæmt frásögn þeirra fóru þau mjög fljótlega eftir þetta saman og að fyrirlagi ákærða í fyrrnefnt herbergi bróður hans.

Að virtum framburði nefndra vitna verður lagt til grundvallar að eftir lýsta atburðarás hafi ákærði gengið hart fram í því að fá A til að opna fyrir sér fyrrnefnda herbergishurð. Lýstu vitnin B og C atganginum þannig að hann hefði verið nakinn eða fáklæddur og viðhaft reiðihróp og köll, en einnig barið og sparkað á hurð og vegg af ákafa í um 5-10 mínútur. Vitnin báru að ákærði hefði engum fortölum tekið og hefðu þau að lokum reynt að ná sambandi við A í herberginu. Liggur fyrir að ákærði linnsti ekki látum fyrr en A opnaði rifu á herbergishurðina.

Við meðferð málsins hefur A staðhæft að hún hafi sofnað í umræddu herbergi, en vaknað við atgang ákærða, en að auki heyrt á tal vana sinna. Hún hefði því aflæst og opnað herbergishurðina, en síðan nær strax lagst aftur til hvílu í rúminu.

Samkvæmt framburði B var rökkur í herberginu er A opnaði hurðina. Sagði vitnið að það hefði verið líkast því að A hefði verið að vakna upp af svefni þegar hún opnaði fyrir ákærða. Að mati dómsins er þetta í samræmi við vitnisburð C. Verður að þessu virtu framburður A lagður til grundvallar, að hún hefði verið sofandi í herberginu þegar ákærði hóf umræddan atgang. Óumdeilt er að ákærði fór á eftir A inn í svefnherbergið og lagðist þar fyrir á dýnu sem hann hafði meðferðis, en að

hún hafi þá þegar verið lögst fyrir í rúminu.

Fyrir dómi hefur ákærði neitað sök, eins og áður er rakið, en játað að hafa haft samfarir við A og borið að það hafi verið með vilja hennar og samþykki. Hefur ákærði lýst aðdraganda kynferðismakanna á þá leið að hann hafi í fyrstu legið á umræddri dýnu, í um það bil eina mínútu, en síðan afráðið að fara upp í rúmið til A og þá haft kynlíf í huga og því hvíslað kynferðislegum orðum í eyra hennar. Ákærði hefur staðhæft að A hafi svarað með jáyrðum, en að auki tekið fullan þátt í kynlífsathöfnum þeirra, þar á meðal samförunum, en síðan skyndilega umturnast, andmælt athæfi hans ákaft og síðan hóttað honum líkamsmeiðingum. Ákærði hefur jafnframt kannast við að A hafi rokið fáklædd á dyr með hótunum um velferðarmissi hans. Hann hafi á engan hátt áttað sig á orsök þessara viðbragða A.

Framburður A hefur við meðferð málsins verið í algjörri andstöðu við frásögn ákærða. Hún hefur borið að hún hafi ekki getað spornað við verknadi ákærða sökum ölvunar og svefndruna og fyrst fyllilega komist til sjálfrar sín er höfuð hennar rakst ítrekað í rúmgaflinn eða vegginn vegna athæfis hans.

Samkvæmt framangreindu er ágreiningslaust að A gerði ákærða skýrlega grein fyrir því, eftir að þau höfðu sýnt hvort öðru gagnkvæm atlot inni á baðherberginu í skamma stund, að hún vildi ekki ganga lengra og að hún vildi ekki stunda kynlíf með honum. Frásögn ákærða og A er að auki samhljóða um að hún hafi í þessu sambandi höfðað til samvisku þeirra beggja, og nefnt að þau væru bæði í sambúð. Við meðferð málsins hefur ákærði staðhæft að eftir lýst samskipti á baðherberginu hefði A í annað sinn hafnað tilteknum kynferðisathöfnum eftir stutt atlot, en að þau hefðu þá verið í herbergi sem snéri að verönd hússins. Ákærði hefur borið að hann hafi í bæði þessi skipti farið að vilja A og hætt athæfi sínu og að engir eftirmál hefðu orðið. A kannast við samskiptin á baðherberginu, en kvaðst fyrir dómi ekkert muna eftir að þau hafi verið saman í herbergi, áður en vinir hennar komu upp úr pottinum. Vitnin B og C hafa borið að þau hafi ekki tekið eftir umgangi í umræddu herbergi, er snéri að veröndinni, er þau voru ein í heita pottinum. Þau hafa jafnframt sagt að þau hafi haft annað að sýsla á þeirri stundu.

Óumdeilt er að A lagðist til hvílu eftir að hafa læst að sér og að þá hafi mjög verið liðið á nóttu. A hefur við alla meðferð málsins staðhæft að hún hafi vaknað upp af svefni er ákærði hóf atgang sinn við herbergishurðina. Að virtum trúverðugum framburði vitnanna B og C verður eins og áður er rakið þessi framburður A lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Óumdeilt er að A lagðist til hvílu nær strax og hún hafði opnað fyrir ákærða og að hann lagðist í framhaldi af því til hvílu á dýnu við hliðina á rúmi hennar. Samkvæmt vætti B var dimmt í herberginu. Fyrir dómi hefur A borið að hún hafi vaknað á nýjan leik við lýst athæfi ákærða, og jafnframt staðfastlega borið að það hafi verið í algjörri andstöðu við vilja hennar. Að áliti dómsins er frásögn A að þessu leyti einlæg og trúverðug.

Fyrir liggur að ákærði og A áttu kynferðisleg samskipti um nóttina með vitund beggja. Jafnframt liggur fyrir að þeim lauk fljótt og að hennar frumkvæði. Gaf hún ákærða strax um nóttina auðskilda skýringu á því. Þá liggur fyrir að A gekk til

náða, læsti að sér og opnaði ekki fyrir ákærða fyrr en eftir barsmíðar hans á hurð og vegg, svo sem rakið hefur verið. Það að hún læsti að sér var skýrt merki þess að hún vildi ekki frekari félagsskap um nóttina. Þá þykir mega byggja á því að A hafi verið nær svefni en vöku er hún opnaði eftir að barið hafði verið lengi að dyrum. Hún lagðist þegar til svefns á ný. Hún kveðst ekki hafa vaknað aftur fyrr en höfuð hennar hafi skellst í vegginn, en muna brotakennt eftir því að ákærði var að snúa henni til og hafa mök við hana, þótt hún væri þá svo á valdi svefns og þreytu að hún hafi ekki vaknað nægilega til að sporna gegn því.

Ljóst er að ákærði hafði kynferðismök við A eftir að hún opnaði herbergið. Horfa verður til þess sem fyrir liggur um samskipti þeirra fram að því og viðbragða A á því tímamarki sem hún kveðst hafa vaknað til fulls. Dómurinn álitur að þau hafi verið uppgerðarlaus. Fær sú ályktun sérstaka stoð í vætti D lögreglumanns um mat hennar á frásögn A um morguninn. Lýsing sérfræðinga, einkum og sér í lagi læknis og hjúkrunarfræðings sem önnuðust A þegar eftir atburðinn, styrkir einnig trúverðugleika framburðar hennar. Hefur A verið sjáfrí sér samkvæm frá upphafi og frásögn hennar eindregin alla tíð. Er hún að mati dómsins trúverðug, en að sama skapi ótrúverðug sú frásögn ákærða fyrir dómi að þau A hafi haft kynmök með fullri þátttöku beggja í ýmsum stellingum. Þykir frásögn A að svo miklum mun trúverðugri að rétt þykir að leggja hana til grundvallar. Hlýtur ákærða að hafa verið ljóst að A, væri vegna svefndrunga og áfengisáhrifa ekki fær um að sporna gegn athöfnum hans. Hefur hann samkvæmt því gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er rétt færð til refsheimildar.

#### IV.

Ákærði, sem er 27 ára, hefur ekki áður sætt refsingum. Með hliðsjón af eðli brots ákærða og alvarleika, sbr. 1. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19, 1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og eru ekki efni til að skilorðsbinda hana.

Ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola miskabætur, með heimild í b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50, 1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37, 1999. Bótakrafa skipaðs réttargæslumanns fyrir hönd brotþola er höfð uppi í ákæru og liggur greinargerð um hana frammi í málinu. Var krafan reifuð og rökstudd enn frekar við munnlegan málflutning. Til rökstuðnings er m.a. vísað til áður rakinna vottorða sérfræðilækna en einnig sálfræðings um afleiðingar verknaðar ákærða. Verður ákærði að þessu virtu dæmdur til að greiða brotþola, A, 800.000 krónur í miskabætur með vöxtum eins og krafist er.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88, 2008 verður ákærða gert að greiða sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvalds að fjárhæð 256.400 krónur. Jafnframt verður ákærða gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola auk ferðakostnaðar, en þær fjárhæðir eru tilgreindar í dómsorði að meðtöldum virðisaukaskatti.

Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88, 2008 fyrir uppsögu dómsins.

Kolbrún Benediktsdóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Málið dæma héraðsdómararnir Ólafur Ólafsson, Erlingur Sigtryggsson og Þorsteinn Davíðsson.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 26. júní 2011 til 16. september 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 976.650 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Rúnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns 376.500 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola Þyríar Steingrímsdóttur hdl. 313.750 krónur, auk 30.000 vegna ferðakostnaðar hennar.